



Samtök sjávarútvegssveitarfélag

Stefna í fiskeldi

Leiðarljós

Fiskeldi á Íslandi nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir sjálfbærni. Eftirtektarverðum árangri má þakka skýrri stefnu íslenskra stjórnvalda í málefnum atvinnugreinarinnar, háu þekkingarstigi og metnaði þjóðarinnar í sjálfbærri matvælaframleiðslu.

Markmið

1. Að nýta þau tækifæri sem felast í auknu fiskeldi á sjálfbærum grunni.
2. Að auka rannsóknir á áhrifum fiskeldisstarfsemi á lífríki og samfélag hafa verið auknar og
3. Að leggja grunn að svæðisbundnum áætlunum um vernd og sjálfbæra nýtingu strandsvæða.
4. Ríki og sveitarfélög eru þess meðvitað að sjálfbær þróun í fiskeldi byggir á jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta og litið er markvisst til þeirra allra í opinberri stefnumörkun og laga- og reglusetningu.
5. Að tekjustofnar sveitarfélaga af atvinnustarfsemi í sjó, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar, hafi verið skilgreindir í samráði við sjávarútvegs-sveitarfélög, enda hefur þeim sveitarfélögum, þar sem fiskeldi hefur haslað sér völl, tekist að laga samfélagslega uppbyggingu að örum vexti atvinnugreinarinnar.
6. Að styrkja byggðamynstur með þeirri viðspyrnu sem sjálfbært fiskeldi hefur veitt í atvinnu- og efnahagslífi dreifðra byggða.
7. Að stuðla að aukinni mennta-, rannsókn- og þróunarstarfsemi samfara uppbyggingu í sjálfbæru fiskeldi, sem styrki enn frekar jákvæð áhrif atvinnugreinarinnar á þjóðarframleiðslu og sjálfbæra þróun landsbyggðanna.

Leiðir (aðgerðir)

- 1) Stuðla að sjálfbærri uppbyggingu fiskeldis
- 2) Tryggja sveitarfélögum tekjur af reitanýtingu í sjó.
- 3) Fiskeldissveitarfélögum tryggð nauðsynleg áhrif á haf- og strandsvæðaskipulag.
- 4) Stefnumörkun ríkisins í fiskeldi unnin í samráði við fiskeldissveitarfélög.
- 5) Forræði sveitarfélaga aukið í málefnum fiskeldis og nauðsynlegir tekjustofnar tryggðir.
- 6) Efla nýsköpun, rannsóknir og þróun í sjálfbæru fiskeldi, úrvinnslu og markaðssetningu.